

# Hveitibatik Fuglapúðar

Höfundar: Vilma B. Ágústsdóttir og Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Samvinnuverkefni í myndmennt og textílmennt fyrir 1. bekk



## Aðferð:


Hveitibatik  
Málun  
Útsaumur

## Efni:

- ✓ Pappír
- ✓ Óbleikjað léreft 52x52 cm
- ✓ Textíllitir/málning  
(pebeo TEXTIL COLOR  
eða PALETT textílfarg)
- ✓ Efni í límið (hveiti og vatn)
- ✓ Litað léreft í bak á púða 52x52 cm
- ✓ Púðafylling 50x50 cm
- ✓ Kalkipappír
- ✓ Perlugarn ýmsir litir

## Áhöld:

- ✓ Brúsi með stút
- ✓ Penslar
- ✓ Útsaumsnál
- ✓ Útsaumshringur



## Vinnulýsing fyrir nemendur í myndmennt

- 1 Æfið ykkur í að teikna mynd af fuglum á blað.
- 2 Teiknið síðan fuglamynd með umhverfi.
- 3 Teiknið með hveitilímbrúsa fugla og umhverfi á efnið.
- 4 Málið inn í formin og alveg upp að hveitilíms línunum.
- 5 Kroppið allt hveitilímið vel af fuglamyndinni.
- 6 Strauið fuglamyndina vel við vægan hita.
- 7 Þegar búið er að þvo efnið þurfið þið að strauja aftur vel yfir myndina ykkar við vægan hita.



Muna eftir að mála alveg að línunum.



Strauja vel svo málningin festist á efnið.





## Vinnulýsing fyrir kennara

- ✓ Gott er að muna eftir að merkja efnisbútinn vel fyrir nemendur með merkipenna áður en þeir byrja á verkefninu þar sem myndirnar verða stundum keimlíkar. Þó að hér sé talað um fuglamynd með umhverfi, getur þemað að sjálfsögðu verið eitthvað annað.
- ✓ **Hveitilím:** Hveiti og vatn hrært saman þangað til það verður kekkjalaust og svipað að þykkt og vöfludeig.
- ✓ **Teiknað á léreftið:** Hveitilíminu er hellt á litla brúsa með stút (sinnepsbrúsa). Nemendur nota brúsann eins og teikniáhald, með því að sprauta úr brúsanum og teikna í leiðinni fugla og umhverfi.
- ✓ **Málað á léreftið:** Allur myndflöturinn er málaður. Getur tekið nokkra myndmenntatíma.
- ✓ **Efnið látið þorna:** Fuglamyndirnar hengdar upp á snúru eftir hvern tíma og málningin látin þorna.
- ✓ **Kroppað:** Þegar öll fuglamyndin hefur verið máluð er hveitilímið kroppað af.
- ✓ **Efnið straujað vel:** Við vægan hita þegar nemendur eru búnir að kroppa hveitilímið af. Gott að fá eldri nemendur til að strauja betur yfir efnið svo að málningin festist vel á það.
- ✓ **Efnið þvegið:** Við 40°C hita.
- ✓ **Efnið straujað vel aftur:** Við vægan hita þar sem það vill krumpast í þvottinum.

## Vinnulýsing fyrir nemendur í textílmennt

- 1 Náið ykkur í efnisbút sem þið eigið að sauma í.
- 2 Skrifið nafnið ykkar með stórum stöfum á pappír.
- 3 Veljið ykkur lit af perlugarni.
- 4 Þræðið perlugarnið í gegnum nál með oddi.
- 5 Saumið í stafina ykkar með aftursting.

Afturstingur



- 6 Þið getið saumað í stafina með nokkrum litum af garni.
- 7 Gangið frá garnendanum þegar einn fingur er eftir af lengd hans.
- 8 Strauið vel yfir efnið að loknum útsaumi.

*Gangið vel frá endum.*



### Vinnulýsing fyrir kennara

- ✓ Nemendur kaupa sjálfir púðafyllinguna, sett inn á innkaupalistann að hausti.
- ✓ Veljum oft léreftið í bakhliðina í jarðlitum svo að litirnir í myndinni fái að njóta sín.
- ✓ Kennarinn yfirfærir nafn nemendans, eins og hann skrifaði það, á efnið með kalkipappír.
- ✓ Sumum nemendum finnst betra að sauma með útsaumshring frekar en að halda í efnið, hef ég leyft þeim að prófa muninn, og svo velja þeir hvor aðferðin er betri.
- ✓ Oft þarf að hjálpa þeim að þræða nálina og kenna að klemma fingurna utan um garnið í nálinni þegar þau draga það í gegnum efnið.
- ✓ Gott er að strauja efnið þegar útsaum er lokið.
- ✓ Að lokum er fram- og bakhlið púðans saumuð saman og púðafyllingin sett inn í og saumað fyrir gatið.